



Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

19. fundur fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 11. september 2012 kl. 19.30 e.h.

Fundinn sátu:

Guðný Tómasdóttir formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Benedikt Gústavsson, varaformaður fulltrúi sveitarstjórnar

Hugrún Sigurðardóttir fulltrúi sveitarstjórnar

Sigmar Ólafsson skólastjóri

Svanhildur Eiríksdóttir fulltrúi kennara

Birgir Leó Ólafsson fulltrúi foreldra

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Staða nýrrar skólabyggingar.

Birgir fór yfir stöðu mála varðandi byggingu skólans. Byggingin gengur vel og er verkið á áætlun.

2. Yfirlit frá skólastjóra Kerhólsskóla.

Sigmar fór yfir hvernig skólaárið hefur farið af stað og kynnti nýtt starfsfólk. Fjórir nýjir starfsmenn tóku til starfa í haust auk Sigmars Ólafssonar skólastjóra. Emilía Jónsdóttir sem kennir íþróttir, sund og heimilisfræði, Inga Berglind Einarsdóttir umsjónarkennari miðstigs, Veiga Dögg Magnúsdóttir leiðbeinandi í leikskóladeild og Þórunna Lilja Snorradóttir sem kennir smíði, textíl, myndmennt og íslensku hjá elsta stigi. Fræðslunefnd vill bjóða þessa nýju starfsmenn velkomna til starfa við skólann. Í Kerhólsskóla skólaárið 2012-2013 eru 55 börn, 34 í grunnskóladeild og 21 í leikskóladeild.

3. Staða leikskóladeildar.

Farið var yfir stöðu mála í leikskóladeild Kerhólsskóla, vandræði hafa verið að koma upp vegna manneklu og þrengsla. Auglýst var í síðasta Hvatarblaði eftir starfsmanni í hlutastarf og ætti það að leysa mannekluna. Reynt verður að skipuleggja og hagræða í húsnæðinu eftir því sem kostur er þar til hægt verður að flytja í nýju bygginguna.

4. Skólastefna.

Rætt var hvert framhaldið yrði við að ljúka vinnu skólastefnunar. Talið er að tveir fundir næggi til að ljúka vinnunni og var ákveðið að fyrri fundurinn verði fimmtudaginn 4. október kl. 8:30 í fundarsal sveitarstjórnar.



Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

5. Fundartímar.

Rætt var hvaða tímar muni henta best fyrir fundi fræðslunefndar í vetur og var ákveðið að fundir skulu haldnir annan fimmtudag hvers mánaðar kl. 8:30 í fundarsal sveitarstjórnar.

6. Önnur mál.

Guðný lagði fram spurningu um hvers vegna væri verið að auglýsa eftir bílssessum fyrir leikskólabörnin í ferðir á vegum skólans. Tryggingarfélagin gefa út að 5 ára börn eigi að vera í bílstólum og því spurning hvort það sé rétt að hafa börnin í bílssessum þegar farið er í ferðir. Stjórnendur leikskóladeildar munu athuga betur hvaða lausnir eru í boði.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 21:00